

Föstudaginn 24. október 1952.

Nr. 76/1952. **Ákærvaldið** (Theódór B. Línal)
 gegn
Robertus Verbiest (Gústaf A. Sveinsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur ásamt samdómsmönnum Þorsteini Jónssyni og Páli Þorbjörnssyni kveðið upp héraðsdóminn.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt stað varðskipsins Þórs við dufl það, sem sett var í sjó frá varðskipinu hjá skipi ákærða. Reyndist staðurinn um 0,8 sm innan landhelgi, eins og hún var í framkvæmd á þeim tíma, sem hér er um að tefla.

Gullgengi íslenzkrar krónu hefur ekki breytt eftir uppsögu héraðsdóms.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að refsing ákærða ákveðst 9000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Robertus Verbiest, greiði 9000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin málflytningislaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Theódórs B. Líndals og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 31. marz 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. þ. m., er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Robertus Verbiest, skipstjóra frá Ostende í Belgíu, fyrir brot gegn 1. gr. laga um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi nr. 5 frá 18. maí 1920, sbr. lög nr. 4/1924 og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og til vara er málið höfðað til refsingar og síðargreindra krafna fyrir brot gegn 2. gr. sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og er málið höfðað til refsingar, upptöku ólöglegs afla og veiðarfæra samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920 sbr. 1. gr. laga nr. 4/1924 og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1951, sbr. 2. mgr. síðast nefndra laga. Þá er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákæruskjal var gefið út 29. marz s.l. af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum.

Ákærði, Robertus Verbiest, er fæddur 6. marz 1912 í Ostende í Belgíu og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt áður neinni refsingu eða ákæru hér á landi.

Málsatvik eru þau, er nú skal frá greint:

Aðfaranótt laugardagsins 29. marz var varðskipið Þór á eftirlitsferð austur með Mýrnatöngum. Kl. 00.00 sást togari, er var grunsamlega nærri landi, og var þá þegar haldið á hann. Kl. 00.22 sást, að togarinn beygði meira frá landi, og kl. 00.25 stöðvaði varðskipið við togarann, sem reyndist vera Narwal 0,292 frá Ostende í Belgíu, en ákærði er skipstjóri togarans. Var togarinn þá með bakborðsvörpu sína í sjó. Var þá strax sett út ljósdufl, og reyndist dýpi þá og þar vera 100 metrar, en fjarlægð frá landi 2 sjómílu eftir ratsjá. Var síðan haldið að togaranum aftur og kallað til hans að nema staðar, en hann skeytti því engu, en hélt áfram að toga út frá landi. Kl. 00.45 var því skotið púðurskoti, og stöðvaði togarinn þá strax.

Var ákærði því næst sóttur í skip sitt og honum bent á, að hann væri að veiðum í landhelgi, en hann kvað sér koma það á óvart og slíkt hefði ekki verið ætlun sín. Ákærði hefur ítrekað það fyrir dómi, að það hafi ekki verið ætlun sín að vera að veiðum innan landhelgislínunnar, og skipherrann af varðskipinu hefur í því sambandi borið það fyrir dóminum, að kort það, er ákærði sýndi honum og kvaðst hafa farið eftir, hafi verið yfirsiglingakort og mjög ónákvæmt. Aðspurður um það, hvers vegna hann hafi ekki stanzað, er kallað var til hans, kveðst ákærði ekki hafa vitað, að kallað væri til sín.

Þar sem of dimmt var til þess að gera staðarákvörðun með sextanti,

mánaða varðhald fyrir, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem voru um borð í togaranum Narwal 0,292, er hann var tekinn að veiðum 29. marz s.l., skal upptækt gert og andvirði hins upptekna renna í Landhelgissjóð Íslands.

Svo ber og ákærða að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Robertus Verbiest frá Ostende, skipstjóri á togaranum Narwal 0,292, greiði 7500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í Narwal 0,292 skulu upptæk gerð og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. október 1952.

Nr. 182/1951. **K** (Gunnar Þorsteinsson)
 gegn

M (Einar B. Guðmundsson).

Barnsfaðernismál. Ómerking héraðsdóms og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. des. 1951, að fengnu gjafsóknarleyfi 6. s. m. Krefst hún þess aðallega, að stefndi verði dæmdur faðir sveinbarns þess, er hún ól 9. febrúar 1947, og til að greiða meðlag með því, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst áfrýjandi þess, að úrslit málsins verði látin velta á fyllingareiði hennar. Loks krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi, sem ekki hefur gagnáfrýjað málinu, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.